

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreinar	
Starfsheiti	Bifreiðasmiður	Löggilt iðngrein
Dagsetning	2. febrúar 2022	
Útgáfunúmer	Útg. 1	

Starfalýsing:

Bifreiðasmiður annast réttingar, viðgerðar og mælinga á burðavirki og yfirbyggingu hvers kyns ökutækja s.s. fólksbifreiða, vörubifreiða. Bílasmiðir starfa m.a. á réttingar-, og málningarverkstæðum. Í starfinu felst einnig að vinna eftir viðgerðarleiðbeiningum/tækniupplýsingum og verkferlum framleiðenda hvers ökutækis sem unnið er í hverju sinni. Bílasmiður hefur sérhæfða þekkingu á til að ástandsmeta og gera kostnaðaráætlun á ökutæki og eftirvagna eftir tjón.

Bifreiðasmiður býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt og getur leiðbeint öðrum.

Hæfnikröfur:

Meðhöndlar og sér um umskipti á límdum rúmum bílsins.

Þekkir rekstur, skipulag og uppbyggingu fyrirtækja, þekkir stofnanir í greininni og gerir sér grein fyrir hlutverki þeirra.

Réttir, metur og lagfæri burðavirki og mælir í réttigabekkjum.

Fylgir kröfum um umhverfisvernd, flokkar, skilar og sýnir ábyrga umhverfisvitund í starfi.

Meðhöndla fylliefni/viðgerðarefni fyrir frágang verka.

Gerir kostnaðaráætlun áður en viðgerð og viðhaldsvinna hefst samkvæmt tjonamatskerfi.

Hefur til hliðsjónar við verk sín að gæta þarf umferðarlaga, við ásetningu eða breytingar á gerð og búnaði ökutækja.

Lagfærir og réttir skemmdir og slit á yfirbyggingu bifreiða.

Vinnur með og skiptir út öryggisbúnaði, loftpúða, öryggisbelti og búnaði honum tengt.

Lagað og skiptir um innréttingar, sæti og aðra íhluti í ökutækjum.

Gerir við plast og hefur þekking á meðhöndlun þess.

Tekur í sundur og setur saman íhluti s.s bretti, hurðir og stuðara og fl.

Ástandsmetur og útfærir viðgerð á burðavirki og yfirbyggingu allra helstu gerða ökutækja og eftirvagna.

Vinnur að bilanagreiningu, viðhaldi og stillingu (kvörðun) öryggisskynjara ökutækja sem og búnaðar sjálfökuhæfra ökutækja.

Annast viðgerð á ökutækjum samkvæmt viðgerðarleiðbeiningum framleiðanda.

Á góð samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavinum og hefur tileinkað sér kurteisi, snyrtimennsku, þjónustulund og umburðarlyndi.

Skráir vinnuskýrslu og verklýsingu, meðal annars í ferilskrá ökutækis og heldur bókhald þannig að sjá megi jafn óðum hver staða verkefnis er miðað við kostnaðaráætlun.

Ráðleggur viðskiptavinum um mögulegar viðgerðir út frá öryggi og hagkvæmni en tekur jafnframt tillit til óska þeirra eins og skylt er samkvæmt lögum um neytendavernd.

Fylgir lögum um vinnuvernd, tryggir öryggi sitt og annarra á vinnustað, er fær um að beita skyndihjálpi í kjölfar slyss eða óhapps.
Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.
Vinnur á öruggan hátt í háspennnum ökutækjum eftir leiðbeiningum framleiðanda.
Sýnir fagmennsku og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.
Þekkir og getur unnið eftir gæðakerfi.